



## Reglur um greiðslur fyrir nemendur sem stunda nám utan lögheimilssveitarfélags

Börn skulu að jafnaði sækja skóla (leik- og grunnskóla) í því sveitarfélagi þar sem þau eiga lögheimili, hér eftir nefnt lögheimilissveitarfélag.

Ef foreldri barns óskar eftir tímabundinni skólavist í leik- eða grunnskóla fyrir barn í öðru sveitarfélagi, hér eftir nefnt viðtökusveitarfélag, skal send inn umsókn þess efnis og tilgreina ástæður umsóknarinnar.

Í samræmi við 21. gr samþykktar um fræðslu- og lýðheilsuráð afgreiðir sviðstjóri fræðslu- og lýðheilsusviðs umsóknir um námsvist í leik- og grunnskólum utan lögheimilissveitarfélags. Með samþykkt sinni á umsóknum um námsvist í leik- og grunnskólum utan Akureyrar, staðfestir hann jafnframt greiðsluskildu bæjarins vegna námsvistar nemandans. Greiðslubyrði vegna skólavistar nemanda fellur ekki á sveitarfélagið án samþykkis þess. Forsendur afgreiðslu Akureyrarbæjar er að hún rúmist innan fjárhagsramma málaflokksins.

Greiðslur miðast við viðmiðunargjaldskrá Sambands íslensra sveitarfélaga sem gefin er út í upphafi hvers skólaárs.

Afgreiðsla sviðstjóra fræðslu- og lýðheilsusviðs á umsókn um skólavist nemenda er stjórnsýsluákvörðun og getur foreldri óskað eftir endurupptöku ákvörðunar eða kært ákvörðun til æðra stjórnvalds samanber samþykkt fyrir fræðslu- og lýðheilsuráð greinar 22. og 23. grein.

### Grunnskóli

#### 1. gr.

Með vísan til ákvæða 3. og 5. greina [laga um grunnskóla nr. 91/2008](#) eiga allir nemendur með lögheimili í Akureyrarbæ rétt á skólavist í grunnskólum bæjarins.

#### 2. gr.

Sviðstjóri fræðslu- og lýðheilsusviðs Akureyrarbæjar getur í samráði við viðkomandi skólastjórnendur, heimilað nemendum úr öðrum sveitarfélögum námsvist í grunnskólum Akureyrarbæjar sé þess óskað, enda liggi fyrir samningur við hlutaðeigandi lögheimilissveitarfélag um greiðslu námskostnaðar. Á sama hátt getur sviðstjóri fræðslu- og lýðheilsusviðs samþykkt greiðsluskilyldu bæjarins í kostnaði við grunnskólagöngu nemenda frá Akureyri, í öðrum sveitarfélögum, enda liggi fyrir staðfesting viðtökusveitarfélags um skólagöngu nemandans.

#### 3. gr.

Umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags liggur frammi í [þjónustugátt á akureyri.is](#) Til að umsókn teljist samþykkt þurfa bæði lögheimilissveitarfélag og viðtökusveitarfélag að samþykkja umsóknina skriflega.

#### 4. gr.

Sótt skal sérstaklega um fyrir hvert skólaár. Að jafnaði er gert ráð fyrir að umsóknir vegna eftirfarandi aðstæðna séu teknar til umfjöllunar:

- Foreldrar stunda starfsnám eða háskólanám í öðru sveitarfélagi.
- Nemendur eru vistaðir í tímabundnu fóstri af barnavernd í öðru sveitarfélagi.

- Mælt er með því af sérfræðipjónustu að nemandi sæki skóla í annað sveitarfélag vegna sérstakra aðstæðna.
- Grunnskólanemandi flytur lögheimili eftir skólabyrjun að hausti og óskað er eftir að hann fái að ljúka námi í þeim grunnskóla, til loka skólaársins.

#### 5. gr.

Purfi nemandi á sérkennslu eða stuðningi að halda skal um það semja sérstaklega.

Að öðru leiti er miðað við viðmiðunarreglur og viðmiðunargjaldskrá [Sambands íslenskra sveitarfélaga](#)

## Leikskóli

### 1. gr

Sviðstjóri fræðslu- og lýðheilsusviðs Akureyrarbæjar getur í samráði við viðkomandi skólastjórnendur, heimilað nemendum úr öðrum sveitarfélögum námsvist í leikskólum Akureyrarbæjar sé þess óskað, enda liggja fyrir samningur við hlutaðeigandi lögheimilissveitarfélag um greiðslu námskostnaðar. Á sama hátt getur sviðstjóri f.h. fræðslu- og lýðheilsusviðs samþykkt greiðsluskyldu bæjarins í kostnaði við leikskólagöngu nemenda frá Akureyri, í öðrum sveitarfélögum, enda liggja fyrir staðfesting viðkomandi sveitarfélags um skólagöngu nemandans.

### 2. gr

Við afgreiðslu umsókna er tekið mið af innritunaraldri barna í leikskóla Akureyrarbæjar. Akureyrarbær niðurgreiðir ekki fyrir leikskóladvöl í öðru sveitarfélagi fyrir börn sem ekki falla undir viðmið um innritunaraldur í leikskólum Akureyrarbæjar.

### 3. gr

Hver umsókn er afgreidd í hámarki í 6 mánuði í senn. Að jafnaði er gert ráð fyrir að umsóknir vegna eftirfarrandi aðstæðna séu teknar til umfjöllunar

- Foreldrar stunda starfsnám eða háskólanám í öðru sveitarfélagi.
- Nemendur eru vistaðir í tímabundnu fóstri af barnavernd í öðru sveitarfélagi.
- Mælt er með því af sérfræðipjónustu að nemandi sæki leikskóla í annað sveitarfélag vegna sérstakra aðstæðna.

### 4. gr

Umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags liggur frammi í [þjónustugátt á akureyri.is](#) til að umsókn teljist samþykkt þurfa bæði lögheimilissveitarfélag og viðtökusveitarfélag að samþykkja umsóknina skriflega.

### 5. gr

Purfi nemandi á sérkennslu eða stuðningi að halda skal um það semja sérstaklega.

Að öðru leiti er miðað við viðmiðunarreglur og viðmiðunargjaldskrá [Sambands íslenskra sveitarfélaga](#)